



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 1/2006

Auglýsingar Nóatúns ehf. „bestir í fiski“

I. Málavextir

Undir lok árs 2005 hóf Nótún ehf. að auglýsa með fullyrðingunni „bestir í fiski“. Með bréfi, dags. 19. desember 2005, óskaði Neytendastofa eftir, með vísan til 6. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, að Nótún upplýsti stofnunina um þau gögn sem fullyrðingin byggðist á.

Svar barst í tölvupósti Nótúns þennan sama dag og þar sagði m.a.:

„... niðurstöðu verður komið til ykkar vegna fullyrðingarinnar „bestir í fiski“ en þangað til að þessi gögn berast ykkur verður þessi fullyrðing ekki notuð.“

Engin gögn bárust Neytendastofu og þrátt fyrir þessi fyrirheit Nótúns birtist fullyrðingin aftur í auglýsingu í Morgunblaðinu 23. janúar 2006. Neytendastofa ítrekaði erindið með bréfi sama dag þar sem sagði m.a.:

„Neytendastofa hefur marg ítrekað, með vísan til 6. og 7. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, bent fyrirtækinu á að óheimilt sé að nota í auglýsingum lýsingarorð í efsta stigi nema unnt sé á einfaldan hátt að færa sönnur á fullyrðinguna.“

Í tölvupósti yðar til Neytendastofu, dags. [19.] desember sl., segir m.a. að fullyrðingin „bestir í fiski“ verði ekki notuð í auglýsingum fyrirtækisins fyrr en lögð hafi verið fyrir Neytendastofu gögn sem sanni fullyrðinguna. Þau gögn hafa ekki borist Neytendastofu. Engu að síður auglýsir Nótún í Morgunblaðinu í dag með fullyrðingunni „bestir í fiski“.

Neytendastofa óskar hér með eftir því að gögn þau sem sanna fullyrðinguna verði nú þegar afhent stofnuninni og eigi síðar en 30. janúar nk.“



Engin gögn bárust en samt sem áður birtist fullyrðingin aftur í Morgunblaðinu 30. janúar 2006. Þann 31. janúar 2006 sendi Neytendastofa enn bréf til Nóatúns þar sem sagði:

„Með bréfi Neytendastofu til Nóatúns ehf., dags. 23. janúar sl., var þess óskað að fyrirtækið afhenti stofnuninni gögn sem sanni fullyrðinguna „bestir í fiski“ sem fram kom í auglýsingu Nóatúns sem birtist í Morgunblaðinu þann sama dag. Til þess var gefinn frestur til 30. janúar sl. Í bréfinu var m.a. vísað til tölvupósts frá Nóatúni til Neytendastofu, dags. [19.] desember sl., þar sem fram kom að ekki yrði auglýst með framangreindri fullyrðingu fyrr en lögð hafi verið fyrir Neytendastofu gögn sem sanni fullyrðinguna. Gögn þessi hafa enn ekki borist Neytendastofu en engu að síður birtust enn á ný í fjölmiðlum í gær auglýsingar frá Nóatúni með fullyrðingunni.

Er þess hér með krafist að Nóatún færi sönnur á ofangreinda fullyrðingu fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 1. febrúar 2006 en annars að hætta nú þegar að auglýsa með framangreindum hætti. Haldi fyrirtækið áfram slíkum auglýsingum án þess að hafa fyrir þeim fullnægjandi rök má búast við að lagðar verði á fyrirtækið stjórnvaldssektir sbr. 22. gr. laga nr. 57/2005.“

Engin svör bárust frá Nóatúni.

Í auglýsingatíma Ríkisútvarpsins, þann 13. febrúar 2006, var lesin auglýsing Nóatúns þar sem sagði m.a. „bestir í fiski“. Neytendastofa sendi fyrirtækinu bréf sama dag þar sem sagði:

„Með bréfum Neytendastofu til Nóatúns ehf., dags. 19. desember 2005, 23. og 31. janúar 2006, er fyrirtækið upplýst um þau lög og þær reglur sem gilda um auglýsingar. Í bréfi stofnunarinnar, dags. 31. janúar 2006, er Nóatúni bent á viðurlög við brotum á sömu lögum og tilkynnt að birtist auglýsing aftur þar sem órökstudda fullyrðingin „bestir í fiski“ sé notuð megi búast við að gripið verði til viðeigandi aðgerða. Í eina svari Nóatúns, frá 19. desember, sagði að fullyrðingin yrði ekki notuð aftur fyrr en gögn henni til sönnunar hefðu borist Neytendastofu. Engin slík gögn hafa borist frá Nóatúni.

Í auglýsingatíma í Ríkisútvarpinu rétt fyrir kl. 8 í morgun, þann 13. febrúar, var lesin auglýsing frá Nóatúni þar sem sagði m.a. „bestir í fiski“.

Neytendastofu virðist sem auglýsingin brjóti að þessu leyti í bága við 6. og 7. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nr. 57/2005.

Ef Nóatún vill koma að athugasemdum óskast þær sendar Neytendastofu fyrir kl. 15:00 þann 14. febrúar nk. Málið mun að þeim tíma liðnum tekið til ákvörðunar



Neytendastofu. Búast má við að viðurlögum skv. 22. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verði beitt.“

Engar athugasemdir bárust frá Nóatúni.

II. Niðurstaða

Í lögum nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins er í 6. og 7. gr. að finna þau skilyrði sem auglýsingar þurfa að uppfylla. Þannig segir í 6. gr.:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.

Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“

Í 7. gr. laganna er fjallað um samanburðarauglýsingar sem eru allar þær auglýsingar þar sem beint eða óbeint er vísað til keppinautar eða vöru eða þjónustu sem keppinautur býður. Samanburðarauglýsingar eru leyfðar að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum s.s. að auglýsingin sé ekki villandi og að gerður sé samanburður á einum eða fleiri áþreifanlegum, viðeigandi, sannreynanlegum og dæmigerðum eiginleika eða eiginleikum vöru eða þjónustu.

Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 15/1998, *Logaland gegn samkeppnisráði*, segir m.a.:

„Sú regla sem fram kemur í 21. gr. samkeppnislaga [núverandi 6. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum], er réttilega skýrð svo, að í henni felist að meginstefnu vísun til þess að á seljanda (auglýsanda) vöru hvíli sönnunarbyrði um að þær fullyrðingar eða upplýsingar sem hann lætur fylgja vöru sinni séu sannar, enda á hann oftast mun auðveldara með að sanna það atriði en samkeppnisyfírvöld. Er þessi meginregla um sönnunarbyrði á þessu sviði, sem þó verður að beita með þeim takmörkunum sem kunna að leiða af... reglum um rannsóknar- og leiðbeiningarskyldu stjórnvaldsins, jafnframt hefðhelguð hér á landi sem og í grannlöndum okkar og er hún sums staðar beinlínis lögbundin.“



Auglýsingar Nóatúns sem hér er fjallað um innihalda fullyrðinguna „bestir í fiski“. Fullyrðingin er í efsta stigi en eins og fram kemur hér að framan byggir túlkun fyrirnefndra lagagreina á því að auglýsendur verði að geta fært sönnur á fullyrðingar sínar. Nóatúni var með fjórum bréfum gefinn kostur á að tjá sig og færa rök fyrir fullyrðingunni „bestir í fiski“. Nóatún svaraði fyrsta bréfinu með því að tjá Neytendastofu að fullyrðingin yrði ekki notuð aftur fyrr en lögð hefðu verið fram gögn henni til stuðnings. Það hefur ekki verið gert en þrátt fyrir það hefur fullyrðingin haldið áfram að birtast í auglýsingum Nóatúns.

Auglýsingar sem innihalda ósannaðar fullyrðingar gefa neytendum rangar og villandi upplýsingar sem settar eru fram til að hafa áhrif á eftirspurn vara. Þá eru slíkar auglýsingar ósanngjarnar gagnvart neytendum og keppinautum þar sem verið er að skírskota til óviðkomandi mála. Eins og fram hefur komið hér að framan hefur Nóatún í engu reynt að færa sönnur á fullyrðingu auglýsinganna um að verslanir Nóatúns séu „bestar í fiski“. Þá tekur Neytendastofa fram að fyrirtæki verða að tryggja að allar forsendur fullyrðinga sem birta á í auglýsingum liggi fyrir áður en ráðist er í gerð auglýsinga. Þannig er ekki nægjanlegt að taka til við að afla gagna eftir að athugasemdir berast við auglýsingar. Neytendastofa hefur því ekki annarra kosta völu en að úrskurða að fullyrðing Nóatúns „bestir í fiski“ sé ósönnuð og brjóti því í bága við ákvæði 6. og 7. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum.

Í 22. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum er fjallað um heimild Neytendastofu til að leggja á fyrirtæki stjórnvaldssektir en þar segir:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

- a. ákvæðum laga þessara um efni upplýsinga, sem veittar eru í auglýsingum eða í tengslum við aðrar viðskiptaaðferðir, sbr. 6. og 7. gr.,*
- b. stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu sem stemma eiga stigu við ólögum viðskiptaháttum, sbr. 16. gr.,*
- c. ákvæðum laga þessara um verðmerkingar eða stjórnvaldsreglum settum á grundvelli þeirra, sbr. 17. gr.,*
- d. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.*

Sektir skv. 1. mgr. geta numið allt að 10 millj. kr.“

Um þessa grein segir í athugasemdum með frumvarpi til laganna:

„Hér er Neytendastofu veitt heimild til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laga þessara. Ákvæðið svarar efnislega að mestu til 51. gr.



núgildandi samkeppnislaga. Þær breytingar sem lagðar eru til frá ákvæði samkeppnislaga snúa í fyrsta lagi að uppsetningu og orðalagi, en til að auka skýrleika ákvæðisins er talið upp hvaða brot falla undir ákvæðið og vísað í viðeigandi greinar laganna. Í öðru lagi er lagt til í a-lið 1. mgr. að heimilt verði að leggja á sektir vegna brota gegn ákvæðum 6. og 7. gr. laganna um efni upplýsinga sem veittar eru í auglýsingum eða í tengslum við aðrar viðskiptaaðferðir. Samkvæmt 51. gr. samkeppnislaga er einungis heimilt að leggja á sektir vegna brota gegn þessum ákvæðum eftir að samkeppnisráð hefur fjallað um mál og lagt á bann eða gefið fyriræli á grundvelli 2. mgr. 30. gr. samkeppnislaga (2. mgr. 16. gr. frumvarpsins). Gildandi fyrirkomulag er að mörgu leyti óheppilegt, en sem dæmi má nefna að auglýsing fyrir vöru, sem felur í sér rangan og villandi samanburð við vöru keppinautar, getur birst mörgum sinnum og valdið keppinautum miklum skaða áður en bann samkeppnisráðs liggur fyrir og auglýsandinn er þar með knúinn til að draga auglýsinguna til baka vegna hótunar um sektir. Ákvæði 6. og 7. gr. eru nægilega skýr til að beita megi stjórnsluviðurlögum vegna brota á þeim sem slíkum og bein heimild til að beita sektum vegna brota gegn ákvæðunum gerir þau skilvirkari. Í þriðja lagi er lagt til í b-lið 1. mgr. að kveðið verði á um að sektarheimild nái til brota á ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli 2. mgr. 16. gr., en jafnframt til brota gegn stjórnvaldsreglum sem Neytendastofa setur á grundvelli 1. mgr. 16. gr.“

Markmið 6. og 7. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins er að tryggja heilbrigða viðskiptahætti. Það villir fyrir neytendum og er til þess fallið að skaða bæði neytendur og keppinauta ef í auglýsingum er haldið fram röngum eða villandi upplýsingum. Að mati Neytendastofu er mikilvægt að beita þeim úrræðum sem lög heimila til að stöðva athafnir sem brjóta gegn góðum viðskiptaháttum.

Í máli þessu liggur fyrir að Nóatún hefur haldið áfram að birta auglýsingar með fullyrðingum sem fyrirtækið hefur ekki sýnt fram á að standist. Þetta hefur Nóatún gert þrátt fyrir að hafa tekið fram að slíkt yrði ekki gert. Með vísan til þessa telur Neytendastofa nauðsynlegt að beita viðurlögum a-liðar 1. mgr. 22. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins í máli þessu. Að mati Neytendastofu er hæfilegt að leggja kr. 500.000 sekt á Nóatún vegna brota fyrirtækisins gegn ákvæðum 6. og 7. gr. laganna.



III. Ákvörðunarorð:

„Nóatún ehf., kt. 450700-4010, Bíldshöfða 20, 110 Reykjavík, hefur með auglýsingum þar sem fram kemur fullyrðingin „bestir í fiski“ brotið gegn ákvæðum 6. og 7. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Með heimild í a-lið 1. mgr. 22. gr. sömu laga skal Nóatún ehf. greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 500.000 (fimmhundruð þúsund krónur).

Sektin skal greiðast ríkissjóði eigi síðar en þremur mánuðum eftir dagsetningu þessarar ákvörðunar.“

Neytendastofa, 20. febrúar 2006

Máli þessi var áfrýjað, sjá úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála í [máli nr. 01/2006](#).